

## Aðalfundur Auðhumlu

FRÉTTIR

Föstudaginn 15. apríl 2016 var aðalfundur Auðhumlu svf. haldinn í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Vegna seinkunar á flugi hófst fundurinn ekki fyrr en upp úr kl. 11.30 með ræðu stjórnarformanns Egils Sigurðssonar. Egill nefndi í ræðu sinni að kúabændur stæðu nú frammi fyrir veigameiri verkefnum en verið hafi um langa hríð. Þessi verkefni má rekja til nokkurra stórra áhrifaþátta sem valdið hafa sviptingum í afkomu kúabænda og vinnslufyrirtækja þeirra síðustu misseri. Í fyrsta lagi sveiflur á markaði. Hér var fituskortur árið 2013 en síðan jókst framleiðslan sem leiddi til offramboðs jafnt á fitu sem próteini. Bændur hafa notið góðs af þessu en áhrifin hafa verið neikvæð fyrir MS og Auðhumlu.

Þá nefndi Egill annan áhrifaþátt, framþróun í mjaltatækni og fóðuröflun. Þessi þróun skapar mikla hagræðingarmöguleika en er dýr og hagkvæmni háð stóraukinni bústærð. Ný tækni kallar á stækkun búa og um leið fækkun þeirra. Áhrif þessara tveggja þátta, eftirspurnarbreytinga og tæknibreytinga, koma fram með ólíkum hætti í starfsemi bænda og afurðafyrirtækjanna. Bændur, einkum þeir sem framleitt hafa umframmjólk hafa borið meira úr bytum en ella, en vinnslufyrirtækin hafa tekið á sig afkomutap.

Egill nefndi einnig þriðja þáttinn sem er útflutningur vöru, hugvits og/eða þjónustu, með uppbyggingu á alþjóðlegum skyrmarkaði á undanföllum 6 árum. Framundan er endurmat á þessari starfsemi með það í huga að auka enn hlutdeild íslenskra kúabænda í alþjóðlegum skyrmarkaði.

Þá fór Egill yfir ástæður þess að stjórn Auðhumlu hefur ákveðið sérstakt gjald kr. 20.- á hvern lítra af umframmjólk sem tekur gildi frá 1. júlí nk. Þetta hafi ekki verið auðveld ákvörðun en nauðsynleg við núverandi aðstæður, hrun á heimsmarkaðsverði og erfiðleika í vinnslunni vegna mikils mjólkurmagns.

Egill fór einnig nokkrum orðum um nýgerða búvörusamninga og hvað það stærsta mál ársins fyrir alla kúabændur. Þar væri margir þættir óunnir s.s. verðlagningarmál og fl. Stofnaður hefur verið 7 manna starfshópur til að vinna að útfærslu er varðar mjólkuriðnaðinn. Annað mál er mun hafa veruleg áhrif er ný aðbúnaðarreglugerð sem taka mun gildi 1. október 2016. Líkur eru á því að milli 8-10 þúsund básar

í fjósum landsins standist ekki þau viðmið um aðbúnað sem sett eru í reglugerðinni, eða um þriðjungur bása á landsvísi.

Í máli Ara Edwalds forstjóra Mjólkursamsölnunnar kom einnig fram að hið mikla mjólkurmagn veldur miklu álagi á vinnslu og flutningakerfi og bilanir á framleiðslutækjum geta auðveldlega sett allt úr skorðum. Ari gat þess að mikið mjólkurmagn væri helsta ástæða rekstrartaps MS á liðnu ári auk þess sem kjarasamningshækkunar og dráttur á verðlagningu vægju þungt. Garðar Eiríksson, framkvæmdastjóri Auðhumlu fór yfir samstæðureikning ársins 2015, en tap samstæðunnar nam 104 milljónum króna.

Miklar umræður urðu um skýrslu stjórnar, skýrslu forstjóra MS og framlagðan ársreikning. Ársreikningur var samþykktur og ný stjórn Auðhumlu var kjörin á fundinum en hana skipa:

Egill Sigurðsson, Berustöðum, formaður  
Jóhannes Torfason, Torfalæk, varaformaður  
Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum, ritari  
Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð, meðstjórnandi  
Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskotí, meðstjórnandi  
Ásvaldur Þormóðsson, Stóru-Tjörnum, meðstjórnandi  
Sæmundur Jón Jónsson, Árbæ, meðstjórnandi

Á fundinum voru nýjar samþykktir fyrir Auðhumlu svf. staðfestar, en fram hafði farið heildarendurskoðun þeirra í aðdraganda aðalfundar. Aðalfundi Auðhumlu svf. lauk svo á áttunda tímanum. Fundinn sóttu þegar mest var tæplega 90 manns en fulltrúar með atkvæðisrétt voru 55.

Garðar Eiríksson  
framkvæmdastjóri Auðhumlu




# Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur


FRAMLEIÐSLUSVIÐ

## Framleiðsla mjólkur

Á fyrstu 16 vikum ársins 2016 hefur aukning innvigtunar á vikugrunni verið um 10% milli ára 2015 og 2016. Mjólkurframleiðsla hefur aldrei verið jafn mikil og er í sögulegu hámarki. Vikuframleiðsla nemur nú rúmlega 3,1 milljónum lítra.



Mynd 1 Þróun vikulegrar innvigtunar mjólkur á árinu 2016



Í mynd 2 má sjá breytingu í framleiðslu milli vikna á árinu 2015 – 2016. Á síðustu 4 vikum hefur framleiðsla verið í 8 – 9% aukningu milli ára, og hefur samdráttur í framleiðslu verið minni en áætlað var.



## Sala mjólkur

Í mynd 3 má sjá umreiknaða ráðstöfun mjólkur á ársgrunni s. 12 mánuði, þ.e. apríl 2015 – mars 2016. Sala mjólkur nam um 123,8 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því aukist um 1,64% á ársgrunni. Umreiknuð sala á fitugrunni var 133,7 milljónir lítra. og jókst

um 2,23% á 12 mánaða tíma. Á sama tíma var framleiðsla mjólkur 149,9 milljónir lítra. Framleiðsla umfram sölu á sama tíma var því um 26 milljónir lítra á próteingrunni og um 16 milljónir lítra á fitugrunni.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	mars mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
<b>Umreiknað á PRÓTEIN:</b>						
Birgðir í upphafi	31.350.961	33.982.442	22.830.101	29,00	62,76	36,82
Innvegin mjólk	13.684.325	38.972.214	149.899.723	10,01	11,01	10,44
Seldur afurðir	10.834.940	30.731.476	123.769.983	2,18	3,85	1,64
Útflutningur	1.558.763	9.100.424	15.682.571	-31,90	216,24	133,56
Birgðir í lok	32.879.503	32.879.503	32.879.503	44,02	44,02	44,02
Mismunur	-237.940	243.253	397.767	-123,34	-64,58	-63,75
<b>Umreiknað á FITU:</b>						
Birgðir í upphafi	26.334.288	22.970.399	13.745.697	90,54	106,70	17,51
Innvegin mjólk	13.684.325	38.972.214	149.899.723	10,01	11,01	10,44
Seldur afurðir	11.908.574	32.273.876	133.677.076	0,80	2,69	2,23
Útflutningur	556.030	1.732.161	1.832.857	1.683,66	3.867,66	131,97
Birgðir í lok	27.827.622	27.827.622	27.827.622	102,45	102,45	102,45
Mismunur	-273.614	108.954	307.865	-140,89	-89,11	-85,55

Mynd 3 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur m.v. mars 2016



## Staða framleiðslu og birgða

Eins og fram hefur komið að undanförunu er framleiðsla mjólkur umfram þarfir og brýnt að betra jafnvægi skapist milli markaðsþarfar og framleiðslu. Má í því samhengi nefna ákvörðun um að innheimta sérstakt gjald, 20 kr, ltr, af allri umfram mjólk f.o.m. 1. júlí 2016.

## RJÓMA SKYRÍS

Á vefnum okkar Gott í matinn er þessi gírnilega rjóma skyrís uppskrift eftir kokkinn okkar á Bitruhálsinum Árna Þór Arnórsson. Svalandi skyrís er upplagður með hækkiandi sól.

Rjóma skyrís  
500 ml rjómi  
3 eggjarauður  
2 heil egg  
100 gr sykur  
500 ml skyr að eigin vali

## Aðferð:

Þeytið rjóman og bætið saman við skyríð og hrærið vel. Þeytið saman eggjarauður, egg og sykur létt og ljóst. Blandið saman við rjómaskyr-blönduna. Setjið í form og frystið.



## Hugmyndir að íblöndunum

Í jarðarberjaskyr muldar makkarónur og jarðarberjasulta  
Í vanilluskyr súkkulaðispænis

Í peruskyr saxaðar niðursoðnar perur og piparmintusúkkulaði

# Gæðaniðurstöður fyrstu þrjá mánuði ársins 2016

GÆDAMÁL

Á þremur fyrstu mánuðum ársins 2016 lækkaði líftala í mjólk á landinu milli ára á meðan að frumutala, fríar fitusýrur og hlutfall efnabátta hækkuðu. Jákvæð þróun var á efnabáttunum og líftölunni en neikvæðari á frumutölunni og sér í lagi á fríu fitusýrunum.

Gæðabættir	Jan - mar 2016	Jan - mar 2015	Mismunur
Líftala, fm <sup>1)</sup>	14.000	15.000	-1.000
Frumutala, fm <sup>1)</sup>	199.000	196.000	3.000
Fríar fitusýrur, fm <sup>1)</sup>	0,66	0,57	0,10
Fita %, bm <sup>2)</sup>	4,13	4,05	0,08
Prótein %, bm <sup>2)</sup>	3,30	3,28	0,02

1) fm = faldmeðaltal, 2) bm = beint meðaltal

## Líftala

Faldmeðaltal líftölu lækkaði um 1.000 einingar eða úr 15.000 niður í 14.000. Gott hreinlæti í tengslum við mjaltir, hreinir og heilbrigðir gripir ásamt góðri og stöðugri kælingu á mjólkinni eru lykilatriði hvað varðar líftölu. Mikilvægt er að líftala í mjólk sé sem lægst því ef bakteríuvöxtur kemst á skrið í mjólk þá hefst niðurbrot á mikilvægum innihaldsefnum mjólkurinnar sem áhrif hefur á vinnslumöguleika og geymsluþol hennar og þeirra mjólkurvara sem úr henni eru framleiddar.

## Frumutala

Faldmeðaltal frumutölu hækkaði um 3.000 eða úr 196.000 í 199.000. Góðar forvarnir (þ.m.t. smitvarnir, gott loft, hreint og bjart fjós, góður aðbúnaður gripa, reglulegt viðhald mjaltabúnaðar og hvað eina sem lætur kúnum líða vel ☺) eru meðal lykilatriði hvað varðar frumutölu. Frumutala er fyrst og fremst mælikvarði á heilbrigði hjarðarinnar og um leið á ákveðin gæði mjólkurinnar því júgurbólgu-ástand kúa hefur áhrif á alla efnasamsetningu mjólkurinnar.

## Fríar fitusýrur

Fríar fitusýrur hækkuðu um 0,1 eða úr 0,57 í 0,66. Sökum afrúnunar niður í tvo aukastafi þá virðist hækkunin vera 0,09 en var í raun nær 0,1 og því afrúnast mismunurinn í 0,1. Þessi óvenjulega hækkun veldur sérstökum áhyggjum.

Fóðrun, fóðurgæði, staða í mjaltaskeiði og viðhald mjaltabúnaðar eru lykilatriði varðandi fríar fitusýrur í mjólkinni. Orkubúskapur kúnna þarf að vera í góðu jafnvægi og skiptir þar mestu að fóðrað sé rétt með tilliti til nytar og hvar kýrin er stödd í mjaltaskeiðinu. Fóðrunin þarf að vera jöfn frá degi til dags, sveiflur milli daga geta haft afgerandi áhrif á fríar fitusýrur. Einnig er mikilvægt að passað sé að mjaltabúnaður sé vel stilltur. Loks er mikilvægt að mjólka ekki kýr saman við sem eru að nálgast lok mjaltaskeiðsins. Mikilvægt er að nýta kýrsýni m.a. til að sjá hvenær kýr fara að hækka í fríum fitusýrum þegar nálgast lok mjaltaskeiðs. Þessar mælingar eru mælikvarði á gæði fitunnar í mjólkinni þannig að því hærri sem hún er því lakari er fitan með tilheyrandi verra bragði og verri nýtingu í vinnslunni.

## Fita og prótein

Meðalfita hækkaði um 0,08 prósentustig eða úr 4,05% í 4,13% og próteinið hækkaði um 0,02 prósentustig eða úr 3,28% í 3,30%. Lykilatriði varðandi efnabættina er fóðrunin og gæði fóðurs. Mikilvægt er að afla sér upplýsinga um gæði heyja hverju sinni og gera fóðuráætlanir. Efnainnihald mjólkurinnar hefur afgerandi þýðingu fyrir eiginleika hennar og nýtingu í vinnslu.

Jón K. Baldursson  
gæða- og umhverfisstjóri



# Verðlaun fyrir úrvalsmjólk í Húnabíngi

FRÉTTIR



Hér eru verðlaunahafar í Húnabíngi sem framleiddu úrvalsmjólk á árinu 2015 ásamt Birni Baldurssyni bústjóra MS Selfossi.



# Nýjung Finnland og Ísland – skyr.is próteindrykkur

MARKAÐSMÁL

Nú á dögum kom á markað nýr skyrdrykkur, bæði á Finnlandi og Íslandi. Þessi skyrdrykkur er framleiddur hjá MS Selfossi fyrir báða þessa markaði.

Á Íslandi kemur skyrdrykkurinn á markað undir Skyr.is vörumerkinu og heitir Skyr.is Próteindrykkur. Ástæðan fyrir þessari nafngift, þ.e. próteintengingunni er að próteininnihaldið er 25% hærra en í hefðbundnum skyrdrykkjum. Nýi drykkurinn er því þykkari og matarmeiri en hefðbundnir drykkir, án þess þó að vera ólystugur.

Hinn nýi Skyr.is próteindrykkur kemur í þremur bragðtegundum héraðs sem eru eftirtaldar:

- jarðarber og bananar
- mangó, spínat og engifer
- suðrænir ávextir

Allar bragðtegundirnar eru án viðbættis sykurs og með sætuefnum.



Sömu bragðtegundir fara á Finnlandsmarkað, auk vanillu, þannig alls eru 4 bragðtegundir komnar á markað þar. Nokkuð snemmt er að segja frá viðtökum þar sem þetta er nýkomið á markað, en allra fyrstu viðbrögð lofa góðu. Frá fyrstu framleiðslu undir lok mars sl. hafa alls um 170.000 fernur verið framleiddar fyrir Finnlandsmarkað sem er ágætis byrjun.

Nokkrar vonir eru bundnar við þessa framleiðslu þar sem hér er úrvælsleið til að koma út mjólk á próteingrunni á fullu mjólkurverði í stað dufts á heimsmarkaðsverði.


## Mjólkurvörur til margra hluta nytsamar

FRÓÐLEIKUR

Látum hér til gamans fylgja með grein sem birtist á [visir.is/husrad--ab-mjolk-sem-gluggafilma/article/2014141039788](http://visir.is/husrad--ab-mjolk-sem-gluggafilma/article/2014141039788)

„Ásta Björk Harðardóttir sagði á dögum frá ansi góðu húsráði á blogginu sínu raudarvarir.com. Húsráðið gengur út á það að gera gluggafilmu úr AB-mjólk. Ásta segist hafa séð húsráðið á Facebook-hópnum Skreytum hús og ákveðið að sýna á blogginu hvernig henni gekk með það.

Það eina sem þarf er AB-mjólk, málningarteip, málningarbakkir og málningarrúlla. AB-mjólk er einfaldlega „máluð“ á gluggann, eins og sjá má á myndunum. Ásta segir svo að hún hafi beðið í um það bil þrjár klukkustundir en þá hafi AB-mjólkinn verið farin að líta út eins og filma. Eftir 5 klukkutíma var mjólkinn svo orðin þurr og fjarlægði Ásta þá teipið.



Ásta tekur það fram að hún viti ekki hvað þetta endist lengi og þá sé ekki ráðlagt að gera þetta í gluggum í herbergjum þar sem er mikill raki, eins og í eldhúsinu eða á baðinu.

Engu að síður mjög gott húsráð!“

## Ný stjórn MS

FRÉTTIR

Í kjölfar aðalfundar Auðhumlu 15. apríl sl. hafa orðið breytingar á stjórn MS.

Jóhannes Torfason Torfalæk er nýr aðalmaður í stjórn en var áður varamaður. Hann kemur í stað Jóhannesar Ævars Jónssonar Espigrund.

Nýir varamenn eru: Ásvaldur Þormóðsson Stóru Tjörnum, Sæmundur Jón Jónsson Árbæ og Laufey Bjarnadóttir Stakkhamri. Þau koma í stað Arnars Bjarna Eiríkssonar Gunnbjarnarholts, Maríu Hauksdóttur Geirakoti og Jóhannesar Torfasonar sem færðist í aðalstjórn.

### Stjórn MS skipa nú:

Egill Sigurðsson Berustöðum formaður  
Þórólfur Gíslason kaupfélagsstjóri KS  
varaformaður

Birna Þorsteinsdóttir Reykjum  
Elín M Stefánsdóttir Fellshlíð  
Jóhannes Torfason Torfalæk

### Varamenn:

Ásvaldur Þormóðsson Stóru Tjörnum  
Laufey Bjarnadóttir Stakkhamri  
Jóhanna Hreinsdóttir Káraneskoti  
Sigurjón Rúnar Rafnsson aðstoðar-  
kaupfélagsstjóri KS  
Sæmundur Jón Jónsson Árbæ

### GOTT START Í KÁLFAELDI SKAPAR BESTU MJÓLKURKÝRNAR

